

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 7. tbl. 3. árg. júlí 2007

Leiðari forstjóra

Stefnumótun hjá Auðhumlu

Þær miklu skipulagsbreytingar sem urðu á mjólkuriðnaði um síðastliðin áramót urðu til þess að stjórn Auðhumlu þótti eðlilegt að endurskoða stefnu félagsins. Bjarni Snæbjörn Jónsson hjá Capacent hefur verið fenginn til hjálpar við þetta verkefni. Atriði sem er verið að skoða eru m.a. skiptin og skilin milli Auðhumlu og Mjólkursamsölnnar, fjármálastarfsemi Auðhumlu, tengsl við bændur og ýmislegt fleira í þeim dúr. Stefnt er að því að kalla saman fulltrúaráð félagsins snemma í haust þar sem drög að stefnumótun yrðu kynnt fyrir fulltrúaráðinu. Mikilvægt er að fulltrúar félagsins komi að þessari vinnu og að hægt verði að taka tillit til skoðana fulltrúa og bænda í stefnumótunarvinnunni fyrir Auðhumlu.

Markviss stefnumótun er hverju félagi mikilvæg og getur skilað okkur miklu í aðra hönd. Öll vinna á vegum félagsins verður mun markvissari og við þurfum ekki að velta mikið fyrir okkur hlutum sem skipta okkur litlu máli samkvæmt stefnu félagsins.

Verðhækkanir erlendis

Undanfarið hefur víða komið fram að heimsmarkaðsverð á mjólkurvörum hefur hækkad mikið á síðustu mánuðum. Helsta ástæða þessara hækkana er rakin til þurrka í Eyjaálflu sem hefur orðið til þess að framboð á mjólkurvörum á heimsmarkaði hefur dregist verulega saman. Heimsverslun með mjólkurvörum er sérstök á þann hátt að einungis 8% af heimsframleiðslunni er seld yfir landamæri. Nýsjálandingar og Ástralar eru mjög stórir útflytjendur á mjólkurvörum og ráða því yfir um helmingi heimsverslunarinnar. Það er því ekki skrytið að þegar framleiðslubrestur verður í Eyjaálflu þá leiðir það til mikilla verðhækkana. Almennir virðast þeir sem best þekkja til gera ráð fyrir að sú hækkun sem orðið hafi geti orðið viðvarandi næstu 2-3 árin eða þangað til að framboð og eftirspurn ná jafnvægi að nýju á heimsmarkaði.

Verð á undanrennuþufti er rúmlega 3.700 evrur tonnið eða um 313 kr/kg. Til að framleiða 1 kg af undanrennuþufti þarf 11 kg af undanrennu þannig að umreiknað í undanrennu er verðið 28,50 kr per lítra. Núverandi grundvallarverð á mjólk er 48,64 og þar af er próteinhlutinn 75% eða 36,48 til samanburðar.

Auðhumluvefur

Undanfarið hefur Auðhumla og Mjólkursamsalan unnið að endurskoðun á öllum vefjum mjólkuriðnaðarinnar. MS vefurinn (þ.e. www.ms.is) verður grunnurinn að okkar neytendavef og er þá sérhannaður með þann markhóp í huga. Gagnvart ykkur framleiðendum er verið að hanna nýjan vef (www.audhumla.is) sem á að vera upplýsingagátt fyrir ykkur og jafnframt að veita almennar upplýsingar um Auðhumlu. Á þessum nýja vef munu vera upplýsingar um Auðhumlu, upplýsingar um þjónustu við félagsmenn, aðgangsstýrður bændavefur, áhugaverðar fréttir er tengjast starfsemi, Handbók mjólkurframleiðandans verður sett á þennan vef o.s.frv. Stefnt verður að því að opna þennan vef í haust og vona ég að hann verði til þess að tengja enn betur framleiðendur og félagið auk þess að vera öflug upplýsingaveita þeim til handa sem nota vefinn.

Kynningarbæklingur

Auðhumla hefur látið gera lítinn bækling sem fer vel í hendi þar sem starfsemi Auðhumlu er kynnt og hvað það félag stendur fyrir. Bæklingnum verður dreift meðal framleiðenda með júníuppgjörinu.

Með bestu kveðju

Ostabúðin að Bitruhálsi 2 og Mjólkurbúðin á Selfossi seldar Fiskisögu



Ostabúðin á Bitruhálsi.

Fiskisaga sem rekur fiskbúðir og kjötbúðirnar Gallerý kjöt hefur samið um kaup á Ostabúðinni á Bitruhálsi í Reykjavík og Mjólkurbúðinni á Selfossi og tók við rekstrinum 1. júní s.l. Verslanirnar verða starfræktar með líku sniði og verið hefur og starfsfólki boðið að sinna störfum áfram.



Mjólkurbúðin á Selfossi.

Handbók mjólkurframleiðandans

Nú á handbókin á að vera komin til allra mjólkurframleiðenda MS. Sé misbrestur á því, er viðkomandi beðinn að hafa samband við mjólkursamlagsstjóra á sínu svæði.

Útgefandi MS

Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.



Sumarfrí mjólkureftirlitsmanna

Vegna sumarfría er þjónusta mjólkureftirlits í lágmarki um þessar mundir. Friðjón Ingi Jóhannsson er í sumarfrí og er væntanlegur aftur til starfa þann 12. júlí n.k. Kristján Gunnarsson er byrjaður í sumarfrí og er væntanlegur aftur til starfa þann 23. júlí n.k. Eiríkur Ingvarsson verður í sumarfrí frá 12. júlí til 13. ágúst n.k.

Þrátt fyrir sumarfrí er áfram fylgt með þróun gæðaniðurstada og haft samband við mjólkurframleiðendur ef nauðsyn krefur.

Ef upp koma vandamál og ekki næst í mjólkureftirlitsmann og eins ef þið viljið koma einhverju á framfæri vegna mjólkureftirlitsins þá endilega hafið samband við Jón K. Baldursson í síma 569 2220 eða 864 8612.

Lyfjamælingatækin

Lyfjamælingatækin eru loksins komin til landsins. Vegna þeirra tafa sem orðið hafa er nú komið fram í háannatíma hjá mjólkurframleiðendum og hásumarfrístíma mjólkureftirlitsmanna. Mikil áhersla er lögð á að þeir sem pantað hafa tæki fái góða kennslu í notkun þeirra áður en þeir byrja að nota þau. Mjólkureftirlitsmenn munu dreifa tækjunum og kenna notkun þeirra í ferðum sínum til framleiðenda. Það gætu því orðið enn frekari tafir á afhendingu tækjanna til þeirra sem hafa pantað. Haft verður samband við alla þegar að afhendingu kemur.

Þeir sem þess óska geta haft samband og pantað tíma fyrir kennslu og afhendingu tækisins í viðkomandi mjólkurstöð. Hafið þá vinsamlegast samband við Jón K. Baldursson í síma 569 2220 eða jonkb@ms.is.



Góð sala fyrstu sex mánuði ársins á mjólkurvörum MS

Sala á viðbiti minnkaði í júní um 5,7% eða 6,7 tonn. Sala á ostum minnkaði um 2,3% eða 9 tonn. Sala á ostatertum jókst um 22% eða um 1,1 tonn í júní. Heildarsala í júní af ostum og viðbiti minnkaði um 23,1 tonn eða 4,1% í magni. Heildarsala á mjólkurvörum minnkaði um 42 þús ltr eða 0,9% í júní.

Þróun sölu fyrstu sex mánuði ársins er góð. Salan á ostum og viðbiti jókst um 5,2% í magni eða um 164,8 tonn. Sala á ferskvörum jókst um 1,14% eða 294.000 lítra. Þessi söluaukning er í takt við söluáætlanir ársins í ostavörum og ferskvörum.

Þegar teknar eru saman topp tíu vörurnar í söluaukningu á ferskvörum fyrstu sex mánuði ársins kemur eftirfarandi fram. Röðin á þessum topp tíu vörum í sölubrúun er þannig:

1) LGG + jógúrt 2) Kókómjólk 3) Bragðbætt AB mjólk 4) G-mjólk 5) MS bragðbætt súrmjólk 6) Matreiðslurjóni 7) Léttur AB-drykkur 8) Kea bragðbætt skyr 9) Ab-mjólk 10) Létt AB-mjólk. Það er áhugavert að sjá að helmingur af vörunum á topp tíu listanum eru svokallaðar markfæðisvörur eða heilsuvörur sem sýnir okkur kannski ágætlega hvað það er sem neytendur eru fyrst og fremst að leita eftir.

Afurðastöðvaverð hækkaði frá og með 1. júní úr 47,45 í 48,64 kr/ltr.

Verð á fitu- og próteineiningu er því: Fita: 3,0476 kr/ein Prótein: 10,9550 kr/ein

Yfirlit mælinga hjá MS* í júní 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	
1/06/07-4/06/07	4,12	3,30	2,59	0,70	6,40	-0,548	15	290	2.849

Líftala í þúsundum hjá MS* í júní 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
89,96	96,28	99,30	0,14	0,52	0,04

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

Landið september-júní:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	102.097.025	93.438.765	8.658.260	9,27%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4,50%
Nýting greiðslumarks	88,01%	84,18%		

Landið janúar-júní:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	65.267.141	60.539.719	4.727.422	7,81%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
22	2.645.124	2.469.082	176.042	7,13%
23	2.639.982	2.450.660	189.322	7,73%
24	2.610.585	2.426.204	184.381	7,60%
25	2.613.276	2.395.930	217.346	9,07%
26	2.574.554	2.378.836	195.718	8,23%
Samtals:	13.083.521	12.120.712	962.809	7,94%

* öll samlög nema Mjólka